

Félagar

„Treystum velferðina“ er yfirskrift aðgerða íslensku verkalýðshreyfingarinnar á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks í ár. Í þessum orðum felst að við búum við velferð. Í þeim felst jafnframt að það þarf að gera betur – og sumt mikið betur. Síðast en ekki síst felst í henni krafan um að úr verði bætt. Við viljum búa við velferðarkerfi sem allir geta reitt sig á - velferð fyrir alla.

Því er stundum haldið fram að velferðarkerfi séu dýr. Sumir stjórnámamenn finna þeim flest til foráttu og telja velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd ekki eftirsóknarverð. Þeir hinir sömu halda því gjarnan fram að slík kerfi hamli framförum og sjálfsbjargarviðleitni. Það vantar hvatann er stundum sagt.

Því er jafnframt haldið fram að með áherslu á velferðina verði samfélög ófær um að taka þátt í þeirri samkeppni og áskorunum sem fylgja hnattvæðingunni .

En er það nú svo góðir félagar? Svarið er einfaldlega nei. Staðreyndirnar tala sínu máli. Þær sýna okkur að þau samfélög sem hafa velferðarhugsjón verkalýðshreyfingarinnar að leiðarljósi, eru þau samfélög sem farnast best.

Þetta eru þau samfélög sem hafa skapað íbúum sínum mesta almenna velferð og lífsgæði.

Á sama tíma eru þetta þau samfélög – norrænu velferðarsamfélögin – sem hafa reynst best búin undir framtíðina. Þau eru best búin undir þá samkeppni sem fylgir hnattvæðingunni. Þau eru best undir það búin að taka á þeim ógnum sem fylgja henni. Og þau eru best undir það búin að notfæra sér þau tækifæri sem fylgja hnattvæðingunni.

Hvað einkennir Norrænu velferðarsamfélögin? Þau einkennast af góðri menntun fyrir alla. Þau einkennast af jöfnuði og jafnrétti og þau einkennast af traustum réttindum launafólks. Þetta er sá grunnur sem þjóðfélag þarf að byggja á til að takast á við þau úrlausnarefni sem nútímasamfélög standa frammi fyrir.

En er þessi mynd sem ég var að draga hér upp ekki lýsing á íslensku samfélagi í dag? Að sumu leyti er það svo – en það vantar þó mikið á.

Framundan eru kjarasamningar. Í þeim munum við leggja áherslu á að tryggja og byggja ofan á þá samfelldu kaupmáttaraukningu sem undangengnir kjarasamningar hafa skilað okkur. Jafnframt hljótum við að leggja áherslu á nauðsynlegar lagfæringar á velferðarkerfinu.

Launajafnrétti kynjanna er eitt brýnasta úrlausnarefnið á vinnumarkaði. Við megum ekki láta það líðast lengur að konum sé kerfisbundið mismunað í launum. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra -verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda - að vinna gegn þessu óréttlæti á næstu misserum. - Þar má engin víkjast undan.

Gera þarf stóráttak til að bæta stöðu þeirra 40 þúsund einstaklinga á vinnumarkaði sem hafa litla formlega menntun. Stigin hafa verið mikilvæg skref á undanförunum árum – ekki síst fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar – en betur má ef duga skal.

Það á að vera forgangsverkefni í menntamálum þjóðarinnar næstu árin - að þessir félagar okkar fái annað og raunhæft tækifæri til náms.

Lögin um fæðingar- og foreldraorlof hafa sannað gildi sitt. Nú þarf að stíga frekari skref til að auka kynjajafnrétti og tryggja rétt barna. Krafa okkar er lenging fæðingarorlofs og laun í foreldraorlofi.

Það þarf að útrýma fátækt barna á Íslandi. Það er ólíðandi að hér séu 5000 börn sem búa við fátækt. Verði hún ekki upprætt, eru miklar líkur á að þessi börn beri skarðan hlut frá borði alla sína ævi. Ef við tryggjum þeim mannsæmandi skilyrði strax í æsku – þá stóraukum við líkurnar á að þeim farnist vel síðar á lífsleiðinni.

Börnin eiga sér fáa málsvara – og þau fá ekki að kjósa ráðamenn. Aldraðir og öryrkjar eru í erfiðri stöðu að berjast fyrir sínum rétti, þó samtök þeirra séu vissulega öflug.

Þess vegna leggjum við áherslu á að leiðrétta kjör og stöðu þessara hópa. Þetta eru foreldrar okkar - þetta eru félagar okkar - , þetta eru bræður og systur – og þetta eru börnin okkar.

Við höfum sagt að lausnin felist í að treysta stöðir velferðarkerfisins að norrænni fyrirmynd. Á hinum Norðurlöndunum eru sterkustu og manneskjulegustu velferðarkerfin. Um leið eru þetta framsæknustu og samkeppnishæfustu þjóðfélög í heimi. Slík þjóðfélög eru best til þess fallin að nýta tækifærin sem felast í hnattvæðingunni. Um leið eru þau best til þess fallin að bregðast við þeim ógnunum sem í henni felast.

Það er sama hvernig á það er litið – velferðin borgar sig.

Heimilin í landinu hafa búið við mikið ójafnvægi að undanfögnu. Þensla og okurvextir, viðvarandi viðskiptahalli og verðbólga hafa leitt til sívaxandi skulda heimilanna.

Í þessu samhengi eru stöðugleiki og jafnvægi í þjóðarbúskapnum nauðsynleg. Til að svo megi verða þarf að móta samþætta stefnu í efnahags-, atvinnu-, félags- og umhverfismálum. Slík stefna verður ekki til nema í samvinnu samtaka launafólks, atvinnurekenda og ríkisvaldsins. Hún er undirstaða sóknar og framfara - í sátt og samráði.

Þess vegna segjum við: Treystum velferðina – hún borgar sig.

Félagar

Undanfarin misseri höfum við verið rækilega áminnt um mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar í samfélaginu. Þetta hefur komið berlega í ljós í því ástandi þenslu og spennu sem einkennt hefur vinnumarkaðinn. Verktakar og aðrir atvinnurekendur hafa flutt hingað til lands umtalsverðan fjölda útlendinga til starfa, meðal annars við stórframkvæmdir. Við höfum þurft að vera mjög á verði til að tryggja að þessir félagar okkar njóti umsaminna kjara og réttinda.

Okkur hefur orðið vel ágengt. Það hefur tekist að fá atvinnurekendur og stjórnvöld til að taka á þessum verkefnum af alvöru – þó útlitið hafi ekki verið gott framan af. Það hafa verið gerðir samningar og sett lög sem styrkja vinnumarkaðinn almennt . - Það gildir ekki síst um réttindi útlendinga á vinnumarkaðnum. - Þessum árangri þarf að fylgja eftir í framkvæmd.

Barátta verkalýðshreyfingarinnar er í eðli sínu alþjóðleg. Því er mikilvægt að við notum öll tækifæri til að treysta böndin. Á sama hátt og allur heimurinn er starfsvettvangur fyrirtækjanna og fjármagnsins, er verkalýðshreyfing að endurskipuleggja sig á alþjóðlegum vettvangi. Við ætlum að hnattvæða samstöðuna til að ná fram kröfum okkar um réttláta og ábyrga hnattvæðingu. - Einungis þannig getum við tryggt áhrif okkar á þróunina.

Á stundum sem þessari hugsum við til félaga okkar í útlöndum sem víða búa við afar kröpp kjör og kúgun, stundum í skjóli hervalds. - Ég minni á ástandið í Palestínu, þar sem heil þjóð er kúguð og svelt með hervaldi – með velþóknun margra vestrænna stórvelda.

Hugurinn hvarflar til Írak, þar sem tilgangslaus innrás og hernaður hafa gert ástandið enn verra en það var fyrir. Nógu slæmt var það. Og þetta vorum við látin kvitta upp á – og vorum aldrei spurð. Við krefjumst þess að nafn Íslands verði tekið af lista þeirra þjóða sem studdu innrásina í Írak. Íslenska þjóðin hefur aldrei stutt þennan hernað.

Félagar

Ég vil að endingu óska okkur öllum til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks. Hann tengir okkur saman, hvar sem við erum fædd, - hvaða tungumál sem við tölum - og hvar sem við eigum heima.

Gleðilegt sumar.